

REGLUGERÐ

um eldishús alifugla, loðdýra og svína.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eldishús, þ.e. um staðsetningu þeirra, skipulag og húsakost. Með eldishúsum er í reglugerð þessari átt við hús sem ætluð eru til eldis alifugla, loðdýra og svína, þar með taldar hauggeymslur (haughús).

2. gr.

Skipulag.

Í samræmi við ákvæði skipulagslaga, nr. 123/2010 ber sveitarstjórn ábyrgð á gerð skipulags og tekur ákvarðanir um fjarlægðir með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar þessarar. Byggingarfulltrúar og Mannvirkjastofnun bera ábyrgð á útgáfu byggingarleyfa í samræmi við ákvæði laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Staðsetning eldishúsa skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og skipulagsreglugerð. Fjarlægðarmörk skulu ákvörðuð í skipulagsáætlunum að teknu tilliti til hugsanlegra umhverfisþátta og þeirra lágmarksfjarlægða sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Eldishús má aðeins byggja á svæðum sem skipulögð eru fyrir landbúnað, iðnað eða þar sem hefur verið mörkuð stefna í aðal-skipulagi um staðsetningu eldishúsa.

Við ákvörðun um staðsetningu annarra mannvirkja en eldishúsa, sem eru óháð búrekstri viðkomandi jarðar, svo sem atvinnuhúsnæðis, íbúðar- eða frístundahúsa, skal þess gætt að notkun þeirra geti farið saman við þá starfsemi sem er á viðkomandi stað.

3. gr.

Varnir gegn mengun vatns.

Um varnir gegn mengun vatns gilda ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Við nýbyggingu eldishúsa og við meiriháttar breytingar eða stækkanir á eldishúsum, sem valdið geta óþægindum umfram það sem fyrir er gilda ákvæði um vatnsverndarsvæði vegna neysluvatns (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

4. gr.

Vatnsból og matvælafyrirtæki.

Við nýbyggingu eldishúsa og við meiriháttar breytingar eða stækkanir á eldishúsum, sem valdið geta óþægindum umfram það sem fyrir er, skal fjarlægð við vatnsból að lágmarki vera 200 m hafi vatnsverndarsvæði ekki verið ákvörðuð.

Við nýbyggingu eldishúsa, við meiriháttar breytingar eða stækkanir á eldishúsum og breytta notkun í eldishús, sem valdið geta óþægindum umfram það sem fyrir er skulu að lágmarki gilda eftirfarandi fjarlægðir við matvælafyrirtæki:

- fjarlægð á milli eldishúss alifuglaeldis eða loðdýraeldis og matvælafyrirtækja annarra en sjálfs búsinns skal ekki vera undir 300 m.
- fjarlægð á milli eldishúss svínaeldis (smágrísaframleiðslu og grísaeldis) og matvælafyrirtækja skal ekki vera undir 500 m.

Þau fjarlægðarmörk sem fram koma í a- og b-lið 2. mgr. gilda einnig þegar um er að ræða nýbyggingu matvælafyrirtækja, meiriháttar breytingar á slíkum byggingum, stækkanir á þeim eða breytta notkun bygginga í matvælafyrirtæki.

5. gr.

Mengunarvarnir.

Við hönnun og byggingu eldishúsa skal farið eftir bestu fánlegu tækni eins og kostur er, sbr. skilgreiningu í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Húsakostur eldishúsa skal vera þannig gerður:

- a. Að skítur og mykja blandist ekki regnvatni.
- b. Að skítur og mykja sé flutt með lokaðri rennu frá eldishúsum í haughús eða með öðrum sambærilegum lokuðum kerfum þar sem það á við.

Um stærð og gerð haughúsa skal farið samkvæmt viðeigandi ákvæðum í reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Um skilyrði vegna mengunarvarna gilda starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í starfsleyfi skal, eftir því sem við á, kveða á um bestu fánlegu tækni, setja ákvæði um nýtingu og förgun skíts og mykju og ákvæði um varnir gegn ólykt og um lyktardreifingu.

6. gr.

Fjarlægðir.

Sveitarstjórn ákveður í skipulagsáætlun fjarlægð milli eldishúsa. Þegar um er að ræða nýbyggingu eldishúsa, meiriháttar breytingar eða stækkanir á þeim og breytta notkun í eldishús, sem valdið geta auknum óþægindum, ber að ákveða, í samræmi við grein þessa, fjarlægðir þeirra við mannabústaði, útivistarsvæði, vinnustaði eða svæði sem afmörkuð hafa verið fyrir framangreinda notkun í aðalskipulagi eða með byggingarreitum í deiliskipulagi. Sveitarstjórn skal ákvarða fjarlægðir með hliðsjón af hugsanlegum umhverfisáhrifum og mega fjarlægðir aldrei vera minni en sem hér segir:

- I. Eldi alifugla:
 - a. 100 m fyrir bú ætluð fyrir fleiri en 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 stæði fyrir hænur.
 - b. 50 m fyrir bú ætluð fyrir 40.000 til 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 40.000 til 60.000 stæði fyrir hænur.
- II. Eldi refa:
 - a. 400 m fyrir bú ætluð fyrir fleiri en 2.000 læður. Á skilgreindu landbúnaðarsvæði er lágmarksfjarlægð 300 m frá eldishúsi að næsta íbúðarhúsi.
 - b. 300 m fyrir bú ætluð fyrir færri en 2.000 læður. Á skilgreindu landbúnaðarsvæði er lágmarksfjarlægð 200 m frá eldishúsi að næsta íbúðarhúsi.
- III. Eldi annarra loðdýra en refa:
 - a. 300 m fyrir bú ætluð fyrir fleiri en 10.000 læður. Á skilgreindu landbúnaðarsvæði er lágmarksfjarlægð 200 m frá eldishúsi að næsta íbúðarhúsi.
 - b. 200 m fyrir bú ætluð fyrir færri en 10.000 læður. Á skilgreindu landbúnaðarsvæði er lágmarksfjarlægð 100 m frá eldishúsi að næsta íbúðarhúsi.
- IV. Eldi svína:
 - a. 600 m fyrir bú með meira en 2.000 stæði fyrir alisvín yfir 30 kg eða yfir 750 stæði fyrir gyltur. Á skilgreindu landbúnaðarsvæði er lágmarksfjarlægð 500 m frá eldishúsi að næsta íbúðarhúsi.
 - b. Lágmarksfjarlægð á milli 50 til 500 m skal reiknuð út samkvæmt viðauka fyrir bú með meira en 45 stæði fyrir alisvín yfir 30 kg eða yfir 20 stæði fyrir gyltur. Á skilgreindu landbúnaðarsvæði er lágmarksfjarlægð 300 m frá eldishúsi að næsta íbúðarhúsi.

Þau fjarlægðarmörk sem fram koma í 1. mgr. gilda einnig þegar um er að ræða nýbyggingu mannvirkja sem teljast mannabústaðir eða vinnustaðir, meiriháttar breytingar eða stækkanir á þeim og þegar um er að ræða breytta notkun.

Fjarlægðarmörk skv. 1. mgr. eiga ekki við um mannabústaði og vinnustaði sem tilheyra búrekstrinum eða vinnustaði með sambærilega starfsemi. Með mannabústöðum er átt við íbúðarhúsnæði, frístundahús, gistihús og sambærilegt. Með útivistarsvæðum er átt við svæði sem eru skipulögð til sértækrar útivistar, svo sem íþróttasvæði, leikvelli og ferðamannastaði.

7. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefnd, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Þvingunarúrræði.

Um þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 1. júní 2015.

Sigrún Magnúsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI

Fjarlægð svínabúa frá skipulögðum íbúðar-, frístundahúsa- og útivistarsvæðum og íbúðarhúsi nágranna.

Til að meta viðunandi fjarlægð milli svínabús og skipulagðra íbúðar-, frístundahúsa- og útivistarsvæða og vinnustaða og eru notaðar einfaldar reiknireglur sem annaðhvort miða við fjölda stæða fyrir gyltur eða sláturgrísi eða fjölda ársgylta eða fjölda alisvína sem búið framleiðir á ári. Reiknireglurnar eru unnar út frá því að fyrir 750 stæði fyrir gyltur/2.000 stæði fyrir alisvín (sláturgrísi) skulu vera 500 m frá skipulögðum íbúðar-, frístundahúsa- og útivistarsvæðum, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, lið IV a.

Ársgylta er skilgreind sem gylta með grísum og alisvín grísir á bilinu 30–110 kg.

Reiknireglurnar byggja á eftirfarandi sambandi milli fjölda dýra og stæða:

1. 20 stæði fyrir gyltur samsvara 15 ársgyltum, þ.e. að yfir árið séu 15 gyltur með grísi á búinu eða 0,7 ársgylta fyrir hvert stæði og er lágmarksfjarlægð í slíkt bú 50 m.

Ef miðað er við fjölda stæða fyrir gyltur er reiknireglan:

$(\text{Fjöldi stæða} \times 0,6) + 50 = \text{fjarlægð í m.}$

Sé miðað við fjölda ársgylta er reiknireglan:

$(\text{Fjöldi ársgylta} \times 0,84) + 50 \text{ m} = \text{fjarlægð í m.}$

2. 45 stæði fyrir alisvín (sláturgrísi) samsvara framleiðslu á 100 sláturdýrum á ári eða 2,25 alisvín fyrir hvert stæði og er lágmarksfjarlægð í slíkt bú 50 m.

Ef miðað er við fjölda stæða fyrir alisvín (sláturgrísi) er reiknireglan:

$(\text{Fjöldi stæða} \times 0,225) + 50 \text{ m} = \text{fjarlægð í m.}$

Sé miðað við fjölda alisvína (sláturgrísa) framleidd yfir árið er reiknireglan:

$(\text{Fjöldi alisvína} \times 0,1) + 50 \text{ m} = \text{fjarlægð í m.}$

Reiknireglurnar er bæði hægt að nota á fjölda stæða og fjölda dýra. Á skilgreindu landbúnaðarsvæði er lágmarksfjarlægð frá eldihúsi að næsta íbúðarhúsi þó alltaf 300 m. Lágmarksfjarlægð fyrir svínabú með 45–2.000 stæði fyrir alisvín yfir 30 kg eða 20–750 stæði fyrir gyltur reiknast í samræmi við reiknireglu.

Tafla 1. Reiknireglur fyrir fjarlægðir.

Reikniregla fyrir svínabú með 20–750 stæði fyrir gyltur og 45–200 stæði fyrir alisvín (sláturgrísi)	
Tegund eldis:	Dæmi:
Gyltur:	
$(\text{Fjöldi stæða} \times 0,6) + 50 = \text{fjarlægð í m}$	Fyrir 140 stæði er fjarlægðin: $(140 \times 0,6) + 50 = 134 \text{ m}$
$(\text{Fjöldi ársgylta} \times 0,84) + 50 \text{ m} = \text{fjarlægð í m}$	Fyrir 100 ársgyltur er fjarlægðin: $(100 \times 0,84) + 50 = 134 \text{ m}$
Alisvín (sláturgrísir):	
$(\text{Fjöldi stæða} \times 0,225) + 50 = \text{fjarlægð í m}$	Fyrir 500 stæði er fjarlægðin: $(500 \times 0,225) + 50 = 163 \text{ m}$

Tafla 2. Dæmi um útreiknaðar fjarlægðir.

Alisvín (sláturgrísir), stæði fyrir alisvín yfir 30 kg/fjöldi á ársgrundvelli	Gyltur, stæði fyrir gyltur/fjöldi árgylta	Fjarlægð (m) til skipulagðra íbúðar-, frístundahúsa- og útivistarsvæða og vinnustaða (hækkað að næsta hálfu eða heila tug)
45/100	20/15	50
370/830	140/100	135
1.000/2.250	378/270	280
1.500/3.375	567/405	390
2.000/4.500	750/535	500